



Til formanns fjárlaganefndar Alþingis.
Frá forseta Alþingis.

27. nóvember 2020.

Fjárukalög 2020 – Umboðsmaður Alþingis

Forseti Alþingis beinir því til fjárlaganefndar að í fjárukalögum fyrir árið 2020 verði veittar 5 m.kr. til embættis umboðsmanns Alþingis vegna setts umboðsmanns samhliða kjörnum umboðsmanni frá 1. nóvember 2020.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, setti forsætisnefnd Alþingis Kjartan Bjarna Björgvinsson frá 1. nóvember 2020 til að sinna starfi umboðsmanns Alþingis samhliða kjörnum umboðsmanni, meðan hann vinnur að gerð fræðsluefnis fyrir starfsfólk stjórnáslunnar. Setningin gildir til 30. apríl 2021.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020 var ekki gert ráð fyrir þessu og þeim tímabundnu útgjöldum sem óhjákvæmilega falla til og verða um 5 m.kr. á þessu ári. Málaflokkurinn á ekki varasjóð til að sækja í og í ljósi mikillar fjölgunar á kvörtunum til umboðsmanns Alþingis, mest tengdum covid-19 heimsfaraldrinum, er ekki hægt að hliðra til í starfseminni til að mæta þessum kostnaði. Málið snýst um að gera umboðsmanni kleift að ljúka áður greindu fræðsluverkefni sem umboðsmaður hóf að vinna að frumkvæði forsætisráðuneytisins árið 2013. Í reynd hefur verið erfitt að sinna slíku verkefni samhliða föstum störfum umboðsmanns, og hefur umboðsmaður tvívegis tekið stutt leyfi á liðnum árum til að vinna að verkefninu. Þetta verkefni kjörins umboðsmanns er tímabundið fram á næsta ár eða í allt að í sex mánuði.

FORSETI ALÞINGIS